



Félagsþjónusta Austur-Húnavatnssýslu

Reglur um liðveislu.

1. Félagsþjónusta A-Hún annast liðveislu við fatlaða sbr. 24.gr.laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. aðstoð við að njóta menningar og félagslífs. Liðveisla er ekki ætluð til að aðstoða við athafnir daglegs lífs. Að örðuleiti miðast réttur til liðveislu við ákvæði mgr.13.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaganna.
2. Rétt til liðveislu eiga annars vegar fatlaðir einstaklingar sbr. 2.gr. laga um málefni fatlaðra, sem búa í heimahúsum og hinsvegar íbúar á sambýlum og þjónustuíbúðum fyrir fatlaða. Skilyrði er lögheimili í Austur Húnavatnssýslu.
3. Sækja skal um liðveislu á þar til gerðu eyðublaði. Við mat á þjónustuþörf skal tekið tillit til fötlunar, heimilisaðstæðna og þeirrar þjónustu sem sá fatlaði nýtur.
4. Hámark liðveislutíma skal að jafnaði vera 30 tímar á mánuði fyrir þá sem búa í heimahúsum og 5 tímar fyrir íbúa á sambýlum.
5. Heimilt er að greiða útlagðan kostnað fyrir liðsmann vegna liðveislu en þjónustuþegi greiðir eigin útgjöld. Akstur skal að hámarki vera 150 km. á mánuði og annar útlagður kostnaður kr. 3000.- á mánuði.
6. Samþykktir um liðveislu umfram það sem kemur fram í 7. gr skulu vera tímabundnar og þurfa samþykki félagsmálastjóra A-Hún. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera lengst til þriggja mánaða. Eftir endurmat skal samþykkt vera lengst til sex mánaða
7. Sviðstjóri málefna fatlaðra Félagsþjónustu A-Hún hefur umsjón með þjónustunni og leggur mat á þjónustuþörf veitir handleiðslu til liðsmanns
8. Gerður skal samningur við liðsmann um hvert verkefni þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu, handleiðslu og skipulag starfs. Liðsmaður skilar skýrslu fyrir 18 hvern mánuð undirritaða af honum sjálfum forráðamanni liðþega eða forstöðumanni sambýlis. **Liðsmaður er bundinn þagnarskyldu.**
9. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi starfsgreinasambands Íslands og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.